



ORKUSTOFNUN
JARÐHITAEILD

***Borun við Ytra Laugaland
í Eyjafirði***

HOLA LJ-8

BORUN, JARÐLÖG OG FRUMTÚLKUN MÆLINGA

**HREFNA KRISTSMANNSDÓTTIR
ÁSGRÍMUR GUÐMUNDSSON
BENEDIKT STEINGRÍMSSON**

***Borun við Ytra Laugaland
í Eyjafirði***

HOLA LJ-8

BORUN, JARÐLÖG OG FRUMTÚLKUN MÆLINGA

**HREFNA KRISTSMANNSDÓTTIR
ÁSGRÍMUR GUÐMUNDSSON
BENEDIKT STEINGRÍMSSON**

EFNISYFIRLIT.	Bls.
ÁGRIP	1
1. Inngangur	2
2. Borun	3
3. Jarólög og ummyndun	7
4. Hrun	10
5. Vatnsæðar	11
6. Viðnámsmælingar	14
VIÐAUKI	
Lýsing jarólaga	19

MYNDASKRÁ

Jarðlagasnið	fnr. 15647 blöð 1-5
Einfaldað jarðlagasnið með dreifingu útfellinga og ummyndunarsteinda	fnr. 15893
Jarðlög og holuvídd	fnr. 15845 blöð 1-5
Hitamælingar í holu LJ-8	fnr. 15710
Uppsetning til viðnámsmælinga í borholum	fnr. 16020
Viðnámsmælingar	fnr. 15714 blöð 1-9

ÁGRIP

Hola LJ-8 á Ytra-Laugalandi varð 2820 m djúp. Er hún djúpstá borhola, sem boruð hefur verið á landinu til þessa. Borun holunnar tók rúmlega fimm mánuði. Tafðist borun samfelld í 1 1/2 mánuð vegna festu í hrunlagi. Síðar urðu enn frekari tafir vegna hruns, vegna yfirvinnubanns og þess að göt komu oft á borstangir og stangir brotnuðu niðri í holunni.

Jarðlög eru af sömu gerð og borað hefur verið í gegnum í öðrum holum á svæðinu. Þó er mun meira um bergganga í þessari holu, en í hinum. Helstu hraunlagasyrpur má tengja við tilsvarendi jarðlög í borholum LJ-5 og LJ-7. Ummyndun er einnig svipuð og annars staðar á svæðinu. Efsti hluti staflans er í mesolít-skólesít zeólítabeltinu. Epidót finnst frá um 2200 m dýpi, en aðrar holur hafa ekki náð niður á svo mikið dýpi að sú steind fyndist samfelld. Áhrifa rennslis jarðhitavatsins gætir fremur lítið í ummyndunarmynstrinu, sem er "steingert" frá því að jarðlög lágu grafin á mun meira dýpi en nú er. Fáar vatnsæðar komu fram í borun. Hitamælingar sýna að vatnsæðar eru á 320 m, 600 m, 1335 m, 1860 m, 1895 m, 2355 m, 2395 m og 2440 m dýpi. Stærsta vatnsæðin er á 1335 m dýpi og er hitastig vatnsins úr henni rúmlega 96°C. Eitthvert rennsli er úr æðinni á 1860 m dýpi, en mjög lítið úr hinum. Reynt var að auka rennsli úr vatnsæðum í holunni með þrýstidælingu, en hún bar engan árangur. Vatnsrennsli úr holunni við lok borunar var um 5 l/s. Tengsl vatnsæða í holu LJ-8 við vatnsæðar í hinum holunum virðast lítil. Þessi hola hefur ekki gefið endanleg svör um það hvort vænta megi vatns á meira dýpi á Laugalandssvæðinu. Þar sem miklum erfiðleikum er bundið að bora djúpar holur á þessu svæði og þær hljóta að verða mjög dýrar virðist eðlilegt að hraða tilraunaborunum annars staðar í Eyjafirði. Næst er ráðist verður í djúpborun á Laugalandssvæðinu þyrfti að gera ráð fyrir því við hönnun holunnar að hægt væri að fódra hana niður á allt að 1000 m dýpi með steyptri fóðringu.

INNGANGUR.

Borhola LJ-8 á Ytra-Laugalandi, sem þessi skýrsla fjallar um er fjórða hola Jötuns á Laugalandssvæðinu í Eyjafirði. Áfangaskýrslur hafa komið út um borun fyrri holanna LJ-5, LJ-6 og LJ-7 (OS JHD 7628, 7629, 7642, 1976).

Borholur LJ-5 og LJ-7 hittu á vatn ofan 1500 m dýpis. Er áætlað að með dælingu geti þessar tvær holur gefið af sér um 150 l/s af um 95°C heitu vatni. Hola LJ-6 gaf hins vegar ekkert vatn og er sú hola ónýtt.

Hola LJ-8 var staðsett með það fyrir augum að vinna mætti úr henni vatn úr sama vatnskerfi og fæðir holur LJ-5 og LJ-7. Auk þess átti enn einu sinni að freista þess að komast niður á 3-3,5 km dýpi til að kanna hvort þar væri að finna annað vatnskerfi. Túlkun rafleiðni- mælinga á svæðinu sumarið 1975 (sbr. skýrslu OS JHD 7557) hafði gefið til kynna að vænta mætti rennslis á heitu vatni allt niður á 4 km dýpi á Laugalandssvæðinu. Fram að þessu hafði hins vegar ekki reynst mögulegt að bora niður á svo mikið dýpi, aðallega vegna þess hversu jarðlög á svæðinu eru hrungjörn. Mjög brýnt var orðið að fá upplýsingar um hversu mikils vatns mætti afla á Laugalandssvæðinu þar sem hitaveituframkvæmdir voru þegar hafnar á vegum Akureyrarbæjar. Borun á fleiri stöðum í Eyjafirði er ráðgerð. Ef í ljós hefði komið að afla mætti meira vatns á Laugalandssvæðinu með dýpri borunum hefði ekki legið eins mikið á frekari tilraunaborunum annars staðar í Eyjafirði.

BORUN.

Byrjað var að setja Jötunn upp á borstæði holu 8 á Ytra-Laugalandi 13. janúar 1977. Þann 22. janúar hófst borun aðalholu. Galli var á plani og varð að steypa í bæði skáholu og aðalholu í 30 m dýpi vegna vatnsflaums. Tafðist borun í einn og hálfan sólarhring af þessum sökum.

Borað var með 17 1/2" krónu. Að morgni 28. janúar var komið í fóðrunar-dýpi á 199,5 m og var fóðrað með 14" rörum í 199 m dýpi. Borun hófst aftur að kvöldi þess 31. janúar. Borað var með 12 1/2" krónu og 15-18 tonna álagi. Gekk borun allgreiðlega niður í 462 m dýpi. Bergið var þó allsprungið á kóflum frá 300 m, en ekki bar mikið á sandi í holunni. Í 462 m dýpi, þann. 2. febrúar, festist borinn. Reynt var að losa borinn fyrst með dælingu og átaki í 3 sólarhringa, en þá var farið að bora niður utan með með fóðurrörum. Ekki tókst að losa. Rörin, sem notuð voru í þessari borun, voru of grönn (9 5/8") til að komast utan yfir rýmara og krónu. Hófust nú miklar aðgerðir til að losa úr festunni. Settar voru m.a. niður mjóar stangir og reynt að skola frá krónu með þeim, en án árangurs. Reynt var að sprengja til að losa um borinn og loks var svo 11. febrúar skrúfuð í sundur borstangalengjan í holunni og teknir upp 11 standar, 1 stöng og 5 álagsstangir. Reynt var að bora aftur utan með, með víðari rörum neðst. Tókst loks að losa úr festunni þann 24. febrúar. Þegar byrja átti að bora aftur festist borinn í annað sinn þann 26. febrúar. Var nú unnið áfram að losun. Eftir að tókst að losa lenti borinn í þriðja sinn í festu þann 3. mars. Þegar losað var úr henni varð eftir ein álagsstöng í holunni. Áður hafði orðið eftir rörbútur úr lengju sem borað var utan með krónunni með. Var því ekki um annað að gera en hætta við holuna eða reyna að bora skáholu út frá henni. Var síðari kosturinn valinn. Holan var fyllt af steypu, sem látin var harðna. Fyrst var reynt að steypa án þess að setja niður stangir, en það mistókst og fylltust fóðurrörin af steypu, sem bora varð út áður en lengra var haldið. Var síðan tvísteipt í holuna á hefðbundinn hátt með stangir niðri og ~~steypa~~ látin harðna í um sólarhring. Þann 13. mars var byrjað að bora aftur. Ekki tókst í fyrstu

tilraun að komast út úr holunni. Var þá smíðaður sérstakur fleygur, sem stýra átti bornum út úr holunni. Fleygurinn komst aðeins rétt niður úr fóðurröri. Var efri endi hans í 205,5 m dýpi, en lengd hans var um 10 m. Áætlað hafði verið að setja fleyginn niður á um 339 m dýpi. Þann 18. mars var svo farið að bora aftur. Borað var með 8 3/4" krónu. Tókst að bora út úr holunni við stýrifleyginn. Á 461 m dýpi varð hrun og var steyppt í það. Ekki þurfti að steypa nema einu sinni í hrunið. Borun var síðan haldið áfram. Sóttist borun seint, þar sem ekki þótti þorandi að beita miklu álagi. Borað var með geli til að forðast frekara hrun. Skipta varð um krónu á um 900 m dýpi og var þá bætt við álagsstöngum í röralengjuna. Borað var með 10-15 tonna álagi eftir þetta, en borun gekk mjög hægt.

Hlé varð á borun 5. - 12. apríl vegna páskaeyfis bormanna. Að loknu páskaeyfi var sett niður 8 1/2" króna. Borað var með 12 - 16 tonna álagi, en borun gekk mjög hægt og var meðalborhraði innan við 2 m á klukkustund. Á 1334 m dýpi varð skoltap og síðan fór að renna úr holunni 3,5 - 6 1/s. Eftir það varð gelið fljótt svo þunnt að farið var að bora með vatni. Þann 19.04.77, á 1362 m dýpi, fór stangalengjan í sundur á 3. stöng ofan við efstu álagsstöng. Varð af þessu nær sólarhrings töf, þótt vel gengi að fiska upp. Í ljós kom að margar álagsstangir höfðu gefið sig á samskeytum við gengjur- nar og varð að taka þær út og setja nýjar inn. Síðan var borað áfram með 12 - 14 tonna álagi og var borhraði mjög lágur. Þann 23. apríl var bætt við 3 álagsstöngum og álag þar með aukið upp í 14 - 16 tonn. Jókst þá meðalborhraði upp í um 3 m/klst. Þann 4. maí, á 2088 m dýpi, kom gat á borstöng og varð af því um 6 tíma töf.

Frá 1. maí urðu talsverðar tafir á borun vegna yfirvinnubanns, um 4 1/2 sólarhringur fram til 21. júní. Þann 12. maí kom aftur gat á stöng og tafðist borinn þá um eina vakt. Aftur kom gat á stöng og varð 12 tíma töf á borun þann 13. maí. Þann 15. maí kom enn gat á stöng. Var þá farið yfir stangir og þær þykktarmældar og teknar úr þær lélegustu.

Vart hafði orðið við hrun á 2440 m dýpi. Þetta hrunlag var af sömu gerð og sem restum örúgleikum hefur valdið við boranir á Laugalandi. Lögðu jarðfræðingar því eindregið til að steyppt væri í það áður en lengra væri haldið. En bormenn töldu í fyrstu að erfiðleikum væri bundið að steypa svona djúpt og var því borun haldið áfram. Þegar komið var í 2560 m dýpi þann 18. maí voru teknir upp 5 standar fyrir frí á uppstigningardag. Þegar borun átti að hefjast aftur þann 20. maí var fyrirstaða í holunni í hrunlaginu á um 2440 m dýpi. Var þá undirbúin steyping í þetta hrunlag, en varð þá vart við hrun úr hrunlaginu á 440-470 m dýpi. Við víddarmælingu á holunni þann 16.05.77 sást að nær öll steypa var farin úr þessu lagi. Ekki hafði orðið vart við fyrirstöðu eða hrun úr laginu við síendurteknar uppteikir og niðursetningar vegna bilana á stöngum síðustu 2-3 vikurnar. Hafði því sú áhætta verið tekin að halda borun áfram þótt vitað væri að úr þessu lagi væri hætta á grófu hruni, sem gæti fest borinn.

Þetta hrunlag er hið sama og olli festu á bornum fyrr í vetur. Mat jarðfræðinga og jarðborunarmanna á stöðunni þann 20.-21. maí varð á þá leið að bora ekki áfram nema unnt reyndist að stöðva eða hefta a.m.k. um tíma hrun frá jarðlaginu í 440-470 m, auk þess sem steyppt væri í hrunlagið á 2435-2445 m dýpi. Um tvær leiðir var að velja:

- 1) fódra hrunlagið af eða
- 2) steypa í hrunkaflann.

Fyrri leiðin hefði krafist þess að holan væri rýmuð út með 12 1/4" krónu fyrst. Stýrifleygur og rör eru á 208-218 m dýpi í holunni og var reynsla fyrir því að 9 7/8" króna komst ekki þar niður með. Var því þessi möguleiki afskrifaður. Síðari kosturinn var heldur ekki talinn framkvæmanlegur, þar sem til skorti tæknilegan útbúnað þ.e. tappa sem hægt væri að steypa ofan á og síðan bora út. Áframhaldandi borun virtist því útilokuð.

Var því ákveðið að reyna að sprengja út vatnsæðar í holunni með því að dæla með þrýstingi undir þakkara.

Þrýstidæling var framkvæmd þannig að hrunhætta væri sem minnst, svo enn væri möguleiki á að komast í holuna til mælinga á eftir. Einnig var

ekki alveg búið að útiloka þann möguleika að útvega erlendis frá búnað til að gera við hana svo unnt yrði að bora áfram.

Drýstidæling bar engan árangur. Niðurstöðum hennar er lýst í skýrslu JHD 7719.

Gerð var nú tíma- og kostnaðaráætlun um viðgerð á holunni. Talið var að viðgerð og dýpkun niður í 3200 m dýpi gæti kostað allt að 30-40 mkr. og talsverð áhætta tekin á, að það vatn, sem þó kom úr holunni, gæti tapast.

Akureyrarbær valdi þó þann kost að láta gera við holuna og halda borun áfram. Viðgerð hófst 31. maí. Bortæknimenn tóku þann kost að reyna fyrst að nota heimatilbúinn steyputappa, þar sem biðtími eftir steyputappa erlendis frá var um 10 dagar. Tókst viðgerð vonum betur og var lokið þann 3. júní. Þann 4. júní hófst borun aftur. Gekk hún mjög hægt og var borhraði innan við 1 m/klst. Borað var með 14-15 tonna álagi. Þann 5. júní kom gat á stöng og varð af því töf eina vakt. Þann 6. júní brotnaði svo aftur borstöng eftir aðeins 8 klst borun.

Áfram var haldið borun að kvöldi 8. júní eftir fiskun og töf vegna verkfalls 7. júní.

Þann 13. júní, í 2744 m dýpi, kom svo aftur gat á stöng. Töf vegna þess varð 12 klst. Aftur kom gat á stöng þann 19. júní. Þegar verið var að taka upp festist borinn á um 605 m dýpi. Vatnsrennsli úr holunni stíflaðist ekki, svo í fyrstu var ekki talið að festan væri mjög alvarleg. Var skrúfað í sundur á efstu samskeytum, eftir að stangalengjan hafði verið fest neðan þeirra, til að hægt væri að komma á kellyi og dæla. Var síðan dælt í nokkrar klukkustundir og tekið á borstangalengjunni en þá kom í ljós að gat var komið á borstöng. Í dælingu kom upp mikið magn af steypu og molar úr hrunlaginu á 440-470 m dýpi. Einnig komu upp molar úr millilagi, sennilega frá 220 m dýpi. Var nú skrúfað í sundur og náðust upp 15 standar. Var brotna stöngin í þeirri lengju. Síðan var skrúfað saman aftur og dælt

niður um 50 l/s af vatni. Rétt eftir hádegi þann 21. júní losnaði borinn úr festunni. Af endunum á efstu álagsstöng sást, að festan hafði verið þar. Líklegt er að mjög stórir hnullungar úr hrunlaginu á 440-470 m dýpi hafi skorðað borinn fastann. Úr því lagi hefur einnig ávalt verið bent á hættu á mjög grófu hruni.

Er losað hafði verið úr festunni þótti ekki ástæða til að hætta á frekari festu með því að þrýstidæla og var hætt frekari aðgerðum við holuna þann 29. júní. Holan var hitamæld og víddarmæld þann 22. júní og virtist vera hrein. Er reyna átti að viðnámsmæla í holunni þennan sama dag, komst mælir ekki nema í 2080 m. Var þá farið niður með borstangir og tókst að hreinsa stífluna svo mælirinn kæmist niður.

JARÐLÖG OG UMMYNDUN

Jarðlagasnið er á fnr. 15647. Á fnr. 15893 er sýnt einfaldað jarðlagasnið ásamt gerð og dreifingu útfellinga og ummyndunarsteinda. Niður á 700 m dýpi eru basalhraunlög ráðandi berggerð. Mest er af póleítbasaltlögum. Ólivínbasalhraunlög eru innan við 20% af staflanum. Meðalþykkt póleítbasaltlaganna er um 10 m, en einstök lög geta orðið yfir 30 m á þykkt. Ólivínþóleítbraunlögin eru að jafnaði þynnri en póleítbasalhraunlögin.

Á mörkum basaltlaga eru oft millilög og basaltkargi. Þykk setlög eru mjög fá. Allgóð samsvörun er á milli jarðlaga í þessari holu og borholum LJ-5 og LJ-7. Samkvæmt jarðlagatengingu gætu jarðlög í holu LJ-8 legið 10-20 m ofar en í holu LJ-5.

Á 700-1450 m dýpi ber mikið á innskotslögum og er borað í þykka kafla af dóleríti. Oft bendir samsetning svarfsins til þess að borað sé meðfram jöðrum berggangs.

Á 1450-1750 m dýpi eru ráðandi basalhraunlög, skipt af þunnum rauðum millilögum. Póleítbasalt er um 85% af staflanum. Meðalþykkt hraunlaga er svipuð og ofar.

Á 1750-2120 m dýpi er dólerít ráðandi berggerð. Blöndun er talsverð. Á þessu bili er annað hvort borað gegnum nokkra bergganga eða meðfram, í og stundum utan við sama berggang.

Á 2120-2440 m dýpi eru basalhraunlög með þunnum millilögum ráðandi berggerð. Neðan 2440 m dýpis er dólerít ráðandi berggerð, en á milli er borað í allt að 40 m þykka kafla af basalhraunlögum. Basalhraunlöggin eru mismikið ummyndað. Öll eru þau vel holufyllt af zeólítum, kalsíti og kvasi. Ólivín er alls staðar horfið. Í bergi frá neðri hluta holunnar sést sums staðar úrkalitisering í pyroxen. Í neðri hluta sniðsins, í innskotsberginu, er áberandi að plagióklasinn er meira ummyndaður en pyroxen. Ummyndun í berginu hefur orðið er jarðlög lágu á mun meira dýpi en nú er og er að óverulegu leyti orðin til við áhrif núverandi jarðhitakerfis. Aukið magn útfellinga sést við sumar vatnsæðanna, en ekki er þetta eins áberandi og t.d. í holu LJ-5.

Ef litið er á dreifingu útfellinga og ummyndunarsteinda (fnr. 15893) sést að holan byrjar í mesolít/skolesít zeólítabelti. Laumontítbelti tekur við á um 400 m dýpi. Analsím finnst á 300-500 m dýpi og dreift neðar í holunni. Heulandít og epistilbít finnast niður á 500-600 m dýpi. Stilbít finnst dreift í mestöllu sniðinu og er í mestu magni við sprungur. Kabasít finnst aðeins í efstu 100 m. Kalsít og kvas finnast í öllu sniðinu. Pýrít finnst dreift í nær öllu sniðinu.

Smektít er ráðandi leirsteind í berginu niður á um 1400 m dýpi. Á 1400-2800 m dýpi finnst blandlagsleirsteindir af klóríti/smektíti, svellandi klórít og klórít.

Prenít finnst á um 1900 m dýpi og dreift neðar í sniðinu. Epidót finnst fyrst á um 2160 m dýpi og verður algengt neðan 2500 m dýpis.

Laumontítbelti byrjar mun ofar í þessari holu en í LJ-5 og LJ-7. Laumontít fannst hins vegar frá um 400 m dýpi í holu LJ-6. Þétt innskotslög ofarlega í þessari holu eru e.t.v. orsök þess hversu laumontít finnst á litlu dýpi.

Leirsteindabeltin bera einnig vitni fyrri hita- og þrýstingskilyrða í staflanum og áhrif jarðhitakerfisins á þau eru ekki auðsæ. Epidótíð er í mestu magni í dólerítinu og gæti því verið myndað að mestu í og við innskotin á meðan þau voru að kólna. Á 2000 m dýpi ætti þó, miðað við um 1500 m hafi rofnað ofan af staflanum og að hitastigull hafi verið 60-100°C á km, að hafa myndast epidót og klórít við ummyndun bergsins.

HRUN

Eins og í fyrri holum boruðum á Laugalandi reyndist þessi hola mjög hrungjörn. Aðstaða til að staðsetja útvíkkarir eru nú stórbætt með tilkomu nýja mælingabílsins. Með víddarmælingum á holunni var einnig unnt að fylgjast með því hversu lengi steypa hélst í hrunköflum, sem gert hafði verið við. Versti hrunkaflinn í holunni er á 440-470 m dýpi. Berglög á 441-461 m dýpi eru meðalgróft til grófkornótt basalt eða dólerít, mjög sprungið og sprungufyllingar nær eingöngu úr leirsteindinni smektít. Þetta er sennilega berggangur og uppsprungnir, leirfylltir jaðrar hans. Neðan við er svo 4 m þykkt setlag og síðan tekur við uppsprungið hraunlag niður á 480 m dýpi. Í þessum hrunkafla sat borinn fastur í byrjun borunar. Eftir að boruð var skáholá út úr holunni var tvívegis steyppt í þennan hrunkafla.

Víddarmæling niður að hrunkaflanum í fyrri holunni, frá 23.03'77, og af sama kafla í skáholunni frá 16.05'77, eru sýndar á fnr. 15870. Vegna hruns úr þessum hrunkafla tveim vikum eftir síðari viðgerð var endanlega hætt frekari borun. Þá var nær öll steypa skoluð út út skápunum. Á dýptarbilinu 470-1330 m var hola öll orðin talsvert útvíkkuð er leið á borun. Á fnr. 15870 er sýnd víddarmæling, sem gerð var á holunni þ. 16. maí 1977 niður á 2560 m dýpi. Á bilinu 1330-2440 m dýpi er fremur lítið um útvíkkarir. Stærsti skápurinn er á 1595 m dýpi, í þunnu millilagi á mótum hraunlaga. Smærri útvíkkarir á þessu dýptarbili (10-12") eru einnig allar á, eða mjög nálægt hraunlagamótum.

Á 2436-2445 m dýpi, er annað hættulegasta hrunlagið í holunni. Er það af svipaðri gerð og hrunlagið á 440-460 m dýpi. Bergið er grófkristallað, uppsprungið og leirfyllt dólerít. Leirsteindirnar, sem fylla sprungur í þessu lagi, eru svellandi klórít. Áberandi skriðfletir sjást í leirflögunum, sem komu upp með svarfinu frá þessum kafla. Neðan 2460 m dýpis er hola lítið útvíkkuð. Á fnr. 15870 er sýnd víddarmæling, sem gerð var 23.06'77 af þessum kafla í holunni.

Ber að athuga að útslag víddarmælis er háð hitastigi og nákvæm kvörðun miðað við hitastig hefur ekki verið gerð á mælingunum. Kvörðun mælingar frá 23.06 '77 er eins og sést á myndinni ekki í fullu samræmi við kvörðun mælingar af efri hluta holunnar.

Gerð þeirra tveggja hrunlaga, sem erfiðust voru viðfangs í þessari holu, er sú sama og hrunlagsins á 1850 m dýpi í holu LJ-6. Ókleyft reyndist að komast í gegnum það hrunlag þar. Þessi lög eru talin vera berggangar með uppsprungnum og leirfylltum jöðrum, sem skolast mjög auðveldlega út. Ástæðan til þess að þessi hrunlög eru svo skeinu- hætt, er sennilega sú að mjög stórir hnullungar úr jöðrunum losna í einu lagi og fleyga af borstangalengjuna. Millilögin á milli hraun- laga eru lausari í sér en hraunlögin og skolast auðveldlega út úr þeim í borun eins og víddarmælingar sýna vel. Borsvarf úr holu LJ-5, þar sem voru þykk setmillilög, sýndu þetta líka glögg. Þar varð þetta hrun þó ekki til vandræða vegna þess hversu mikill vatnsflaumur var upp úr holunni. Versta hrunlagið í holu LJ-7 var sennilega slíkt þykkt millilag og í holu LJ-6 varð hrun úr millilagi á um 940 m dýpi til talsverðra vandræða. Hrunmolar úr millilögum eru að jafnaði smærri og molast fljótlega niður, og er því hrun úr þeim ekki eins varhugavert og úr uppsprungna leirfyllta berginu. Hættulegast er ef basaltbríkur ofan og/eða neðan við millilögin brotna og hrynja niður. Í borsvarfi úr holu LJ-8 bar talsvert á dreif af hrunmolum úr ólivín- þóleítbasalti nær alla borunina. Virðist því skolast auðveldar út úr þeim en þóleíthraunlögum.

Þar sem varhugaverðustu hrunkaflar í holunum virðast í flestum til- fellum hafa verið við bergganga, er fremur öruggt að segja til um fyrirfram hvar mest hætta sé á hruni við borun holu á þessu svæði. Er því brýnt að jarðfræðingur fylgist jafnóðum með borsvarfi og að í slík jarðlög sé steypt strax. Við borun á þessu svæði væri einnig æskilegt að hanna holurnar þannig að haldið væri opnum þeim möguleika að setja niður aðra fóðringu, í allt að 1000 m dýpi, ef borinn lenti í slæmum hrunlögum.

Vatnsæðar, rennsli, hitastig og efnasamsetning vatns.

Í borun komu fram fáar vatnsæðar. Á um 300 m dýpi varð vart við aukningu á rennsli, tæplega 1/2 l/s.

Þegar borað var niður aftur með geli á sama dýpi í skáholunni, kom fram örlítið vatnsaukning, innan við 1/4 l/s. Vart varð við örlítið

skoltap á 1200-1290 m dýpi, en það var langt innan við 1 l/s. Skolvatnstap varð á 1334 m dýpi. Þegar það var mælt á 1338 m dýpi nam tapið 6 l/s, en er talið hafa verið meira fyrst. Fljótlega eftir þetta fór að bera á aukningu í vatnsrennsli og varð þá að hætta gelborun. Runnu úr holunni um 3.5 l/s á um 1350 m dýpi, 6 klst. eftir að tapið varð. Jókst vatnsrennsli síðan upp í um 6 l/s á 1375 m dýpi, en minnkaði síðan aftur. Var rennsli úr holunni nokkuð breytilegt eftir þetta 1.5-3,5 l/s niður á um 1830 m dýpi. Á því dýpi mældist tæplega 6 l/s rennsli, sem svo minnkaði strax niður í 3 l/s. Rúmlega 1 l/s aukning á rennsli mældist á 1854 m dýpi og 1968 m dýpi. Í 2095 m mældist um 9 l/s aukning og um 2.5 l/s í 2456 m dýpi.

Rennslismælingarnar eru fremur óáreiðanleg gðgn, vegna þess hversu ónákvæm mæliaðferðin er og hætt á truflunum vegna utanaðkomandi áhrifa (t.d. ójafn gangs bordæla).

Holan hefur verið hitamæld alloft. Á fnr. 15710 eru teiknaðar allar hitamælingar gerðar eftir að holan varð yfir 1100 m djúp. Fylgst var með upphitun í holunni í páskavíkunni 1977, þegar holan var 1100 m á dýpt. Sú síðasta af þeim mælingum er teiknuð inn á fnr. 15710. Hitamælingar sýna að á 320 m, 600m, 1335 m, 1860 m, 1895 m, 2355 m, 2395 m og 2440 m dýpi eru vatnsæðar. Engar æðar eru í neðstu 400 m í holunni. Vatnsrennslið kemur aðallega úr æðinni á 1335 m dýpi, en nokkurt rennsli virðist vera úr æð á 1860 m dýpi. Botnhitastig í holunni var 102.6 °C 5 dögum eftir að borun var lokið.

Hitastig vatnsins í holunni virðist vera svipað og í vatnsæðunum í hinum holunum, 96-97°C. Aðeins 400 m vatnsæðalaus kafli er neðst í holunni og hún ekki orðin fullheit. Því er ekki ljóst hvort holan er komin út úr vatnskerfinu og er að nálgast ótruflaðan hitastigul á svæðinu.

Enn hefur aðeins eitt vatnssýni verið tekið úr holunni og er það ekki fullgreint enn. Sýnið var tekið 5 dögum eftir að borun lauk. Sjálfrennsli var þá um 5 l/s og hitastig vatnsins 85.5 °C. Sennilega er holuvatnið enn blandað kaldara skolvatni. Kísilhitinn í vatninu reyndist vera um 80°C. Sýnið er tekið svo fljótt eftir borun að það er tæplega marktækt. Á næstunni munu verða tekin djúpsýni út holunni við helstu vatnsæðarnar.

Litlar rennslisprófanir hafa enn verið gerðar á holunni eftir borun. Við loftdælingu í holuna þ. 24.05'77 (dýpi 2560 m) fengust úr henni 6.5 l/s með u.þ.b. 40 m niðurdrætti, en rennsli á undan og eftir var 5 - 5 1/2 l/s. Reynt var að sprengja út vatnsæðar í holunni með þrýstidælingu, þegar dýpi hennar var 2560 m (skýrsla JHD 7719). Beitt var allt að 120 kp/cm² virkum þrýstingi. Bar þrýstidælingin engan árangur. Fylgst var nákvæmlega með þrýstingi í hinum holunum á svæðinu meðan á þrýstidælingu stóð og í nokkra daga eftir að henni lauk. Dælingin í LJ-8 hafði engin merkjanleg áhrif á hinar holurnar. Á meðan á borun LJ-8 stóð var fylgst daglega með þrýstingi á hinum holunum. Engar breytingar sáust á þeim þegar vatnsrennsli breyttist í holu LJ-8. Virðist því mega álykta að lítill samgangur sé á milli holu LJ-8 og hinna holanna á svæðinu.

Viðnámsmælingar.

Í holu LJ-8 voru gerðar viðnámsmælingar neðan fóðrunardýpis. Viðnámsmælingar í borholum eru tiltölulega óþekkt mæliaðferð hér á landi, og því rétt hér að skýra í stuttu máli í hverju mælingin er fólgin, og hver tilgangur slíkra mælinga sé.

Rafleiðnieiginleikar hinna ýmsu bergtegunda eru velþekktir. Segja má að leiðni þeirra eins og þær koma fyrir í berggrunninum sé einkum háð tveimur þáttum:

1. Viðnámi þeirra kristalla, sem mynda bergtegundina.
2. Viðnámi vatnsins, sem fyllir porur bergsins.

Báðir þessir þættir eru síðan háðir ytri skilyrðum, einkum þó hitastigi, og lækkar viðnámið með vaxandi hitastigi fyrir báða þættina.

Almennt gildir að bergkristallar eru mjög torleiðandi og skiptir eðlisviðnám þeirra hundruðum þúsunda og jafnvel milljónum ohm-m. Eðlisviðnám poruvatnsins er hinsvegar lágt, og einkum ef um er að ræða jarðhitavatn, sem inniheldur verulegt magn af uppleystum söltum. Eðlisviðnám jarðhitavatns er af stærðinni 10 ohm-m. Heildarviðnám bergsins verður því góður mælikvarði á vatnsinnihald eða poruhluta bergsins. Sé poruhluti lítill, eins og t.d. í þéttum berggöngum, er vatnsinnihaldið lítið, og viðnám því hátt, en hár poruhluti gefur hins vegar lágt viðnám. Þekking á viðnámi berglaganna sem borhola sker gefur því upplýsingar um vatnsgæfni laganna, auk þess sem þannig fæst mynd af jarðlagaskipan óháð jarðlagasniði því, sem fæst út frá borsvarfinu.

Mæliaðferðin er sú að viðnámið er mælt á hverju dýpi í borholunum þannig að samfelldur viðnámsferill fæst fyrir holuna, til þessa er notuð einföld fjögurra rafskauta uppstilling, sem sýnd er á meðfylgjandi mynd (Fnr. 16020). Straumskaut eru tvö, og er annað þeirra A neðst á viðnámstækinu, en kápa mælivírsins er notuð sem hitt, en kápan er úr margþættum stálvír. Spennan er síðan mæld milli skautanna M og N og er skautið M uppi á yfirborði, en N er á viðnámstækinu í fjarlægðinni A frá straumskautinu A.

Eins og í öðrum jarðeðlisfræðilegum rafleiðnimælingum skilgreinir útsendur rafstraumur I og spennufallið V sýndarviðnámíð ρ_s samkvæmt Ohms lögmáli.

$$\rho_s = K \cdot \frac{V}{I}$$

Þar sem K er stuðull, sem aðeins er háður afstöðu og fjarlægð milli skauta. Fyrir uppstillinguna á Fnr 16020 er $K = 4\pi \cdot a$, en sýndarviðnámíð verður vegið meðalgildi á viðnámi þess, sem er í nágrenni viðnámstækisins. Sýna má fram á að sú fjarlægð sem tækið skyggist þannig út er af sömu stærðargráðu og fjarlægðin a . Þegar tækið er í samleitu umhverfi verður mælt sýndarviðnám jafnt viðnámi umhverfisins. Þetta fæst t.d. þegar vídd holunnar er verulega stærri en a og er þá ρ_s jafnt og eðlisviðnám vatnsins í holunni. Ef hins vegar vídd holunnar er verulega minni en a og bergið utan holunnar samleitt verður ρ_s jafnt og eðlisviðnám bergsins. Hið fyrr nefnda er uppfyllt í útvíkkunum í holunni (skápum) en hið síðara þar sem þykkt berglaga er stór miðað við a , að þessum tveimur tilfellum frátöldum er ρ_s eins og áður segir meðalviðnám, og þarf því að taka tillit til vídda holunnar og eðlisviðnáms vatnsins til að finna raunverulegt viðnám bergsins utan holunnar.

Mæliferlar LJ-8 eru sýndir á Fnr, 15714. Viðnámstæki það sem notað var er þannig búið að tvö spennu-skaut N eru á tækinu og fást því mæliferlar fyrir tvær mismunandi fjarlægðir a . Er önnur fjarlægðin 16" en hin 64". Munurinn á þessum tveimur mæliferlum felst í því að 16" ferillinn hefur betri upplau, þ.e. þunn berglög koma þar betur fram, en í 64" ferlinum hins vegar gætir verulegra áhrifa frá vatninu í holunni. LJ-8 var boruð með 8 1/2" borkrónu. Af þessum sökum eru viðnámgildi 64" ferilsins yfirleitt hærri en 16" ferilsins, og fyrir þykk lög er það sýndarviðnám nærri raunverulegu viðnámi berglagsins.

Hér verður ekki reynt að túlka þessa ferla í smáatriðum, til þess eru viðmiðunargögn af of skornum skammti. Verður því látið nægja að lýsa ferlum og þeir bornir saman við jarðalagasnið.

Á fnr. 15714 eru teiknaðir upp ferlar fyrir 16" og 64" í viðnámsmælingum ásamt jarðlagasniði af holunni í sama mælikvarða. Einnig eru sýndar stærstu útvíkkarir í holunni. Verður í eftirfarandi texta vitnað í 16" ferilinn nema getið sé um sérstaklega að átt sé við 64". Viðnám mælist að jafnaði lágt niður á um 1270 m dýpi, um 200 ohm. m fyrir 16" normal. Á blaði 1 og 2 á fnr. 15714 sem ná niður í 680 m er lítil breyting á viðnámi. Þó má sjá hækkað viðnám á nokkrum stöðum og þá helst við lagmót. Á 680-850 m dýpi hækkar viðnám upp í 300 ohm. m og sveiflur eru meiri en ofar. Á þessu dýptarbili er borað meðfram og í berggangi og talsvert er um útvíkkarir í holunum. Hæsta viðnámið, um 900 ohm. m fellur saman við mjög mikið ummyndað basaltlag á 780-790 m dýpi.

Á 850-1050 m dýpi lækkar viðnám aftur niður í um 200 ohm. m að jafnaði. Smásveiflur koma fram við sum jarðlagamótin. Holan er öll talsvert útvíkkuð á þessu bili.

Á 1050-1090 m dýpi er kafli með 400-500 ohm. m. Fellur hann saman við þykkt basaltlag. Við lagmót við dólerít lækkar viðnámið aftur niður í 200 ohm. m á þeim 15 m kafla sem borað er í dólerítið. Á um 5 m kafla neðan við eykst viðnámið snögglega og fellur þessi kafli saman við þunnt basaltlag. Á 1120-1270 m dýpi er lágt viðnám (200 ohm. m) með nokkrum smásveiflum, sem allar falla saman við lagmót. Ekki koma fram viðnámstoppur við öll lagmót.

Á 1270-1335 m dýpi er viðnám 500-800 ohm. m. Á þessu bili fellur stærsti toppurinn saman við þunnt dólerítlag. Viðnám lækkar á um 2 m kafla neðst á þessu bili og á sama bili er setlag og stærsta vatnsæðin í holunni.

Á 1335-1440 m dýpi er viðnám 600-700 ohm. m og litlar sveiflur í mælingunni. Fellur þessi kafli saman við þykkt dólerítlag.

Á 1440-1740 m dýpi er viðnám að jafnaði 400-500 ohm. m en talsverðar sveiflur eru á mælingu og fara hæstu topparnir upp í 800-1000 ohm. m. Mjög tíð lagaskipti eru á þessu bili og setlög tíð. Oft falla viðnámslögðir saman við setlöggin, en alls ekki öll og við sum þeirra eru viðnámstoppur.

Á 1740-1770 m dýpi er breytilegt, en að jafnaði allhátt viðnám, 500-900 ohm. m. Borað er meðfram jöðrum berggangs á þessu bili. Á 1770-1820 m dýpi eru að jafnaði 500 ohm. m. og er borað í dólerít. Þessi dólerítkafla er samfelldur niður á 1940 m dýpi og er viðnám yfir 1000 ohm. m. í honum neðan 1820 m. Nokkrar sveiflur eru í mælingunni en viðnám fer ekki niður fyrir 800 ohm. m á þessu bili. Greinilegasta viðnámslægðin á þessu dýptarbili fellur saman við vatnsæðina á 1860 m dýpi. Engin viðnámslægð er við hina vatnsæðina á 1895 m dýpi.

Á 1950-2470 m dýpi eru nokkrar sveiflur í viðnámi og fer það niður í 100 ohm. m og yfir 1000 ohm. m.

Á 1950-2030 m dýpi er borað meðfram jöðrum gangs og á þessu bili eru stærstu viðnámstopparnir. Dólerítkafla á 2060-2110 m dýpi kemur fram sem viðnámsþæð, en þó er þar lægra viðnám en í efri dólerítkaflum. Lagaskipti eru mjög tíð annars staðar á þessu dýptarbili og jarölög eru mikið ummyndað, þunn basaltlög og örþunn setlög.

Stærstu viðnámstopparnir falla nálægt því saman við þykkustu basaltlögin á dýptarbilinu.

Á 2470-2540 m dýpi hækkar viðnám ört og fer upp í um 2000 ohm. m í fyrri mælingunni. Í síðari mælingunni er hins vegar mun lægra viðnám niður á 2575 m dýpi eða innan við 300 ohm. m. Orsök misræmis milli mælinga er óskýrð. Hugsanlegt er að efst í síðari mælingunni gæti áhrifa frá steypu í hrunkaflanum. Neðan við 2575 m hækkar viðnám skyndilega og fer yfir 3000 ohm. m. Það sveiflast síðan á milli 1000-3000 ohm. m niður á botn í 2813 m.

Þrjár skarpar viðnámslægðir koma fram og fer þar viðnámið niður í 600-800 ohm. m. Falla þær saman við mikið ummyndað basaltlag á 2590 m dýpi, basaltbreksíu á 2680-2690 m dýpi og lagmót milli dóleríts og basalts á 2790 m dýpi. Minni viðnámsveiflur falla sumar saman við lagmót. Á þessu dýptarbili er borað í þykka samfellda dólerítkafla og nokkrar viðnámsveiflur koma einnig fram í þeim, en þær eru flestar lægri en við lagmót.

Ef litið er á mælinguna í heild þá sést að tiltölulega góð samsvörun er á milli jarðlagagreiningar og eðlisviðnáms og breytinga á því. Jarðlagamörk eru aldrei nákvæmlega staðsett, sérstaklega ekki á miklu dýpi og ætti því viðnámsmælingin að sýna réttari staðsetningu á þeim.

Að jafnaði er stærðargráðumunur á eðlisviðnámi í hraunlögum og innskotsbergi. Þar sem innskotsbergið er sprungið, eða borað við jaðra þess er eðlisviðnám lægra. Sum staðar er lágt eðlisviðnám í dólerítinu án þess að jarðlagagreining sýni neina orsök til þess. Samsvar milli útvíkkana og eðlisviðnámsmælingarinnar sést ekki glögg. Vatnsæðar í holunni eru í flestum tilfellum við viðnámslægðir, en þær eru þó ekki þær mest áberandi sem koma fram í mælingunni.

Setlög og hraunlagmót virðast oftast koma fram sem viðnámslægð, enda væri búist við hæstri vatnsleiðnigetu þar. Þó koma sum setlaganna fram sem greinilegir viðnámstoppar. Orsök þessa gæti legið í gerð setlaganna t.d. í breytilegu leirsteindamagni eða þéttingu vegna útfellinga.

VIÐAUKI

JARÐLAGALÝSING.

58-70 m. Fínkornótt til meðalgrófkornótt, sprungið, dökkt basalt. Sprungufyllingar eru úr zeólítum (skólesít, stilbít) kvarsi og grænleitum leirsteindum (seladónít).

70-78 m. Basaltlag, plagióklasdílótt. Rauðir millilagsmolar og kargi finnast efst í laginu og aukning er á holufyllingum. Basaltið er svipað og í laginu ofan við. Neðst í laginu er mjög mikið um holufyllingar m.a. stilbít og skólesít. Oxun eykst einnig neðst í laginu og talsvert er um millilagsmola, rauða og grænleita.

78-80 m. Vantar svarf.

80-86 m. Dökkgrátt, meðalgrófkornótt basalt, sem er lítið eitt sprungið. Oxun eykst neðst í laginu og dreif finnast af millilagsmolum.

86-88 m. Fínkornótt til meðalgrófkornótt basalt blandað molum úr millilagi.

88-96 m. Basaltlag. Efst ber talsvert á blöðróttu basalti og basaltið er fínkornóttara efst í laginu. Basaltið er fínkonrótt þóleít, talsvert ummyndað og nokkuð sprungið. Zeólítar (skólesít, heulandít/stilbít) fylla sprungur og holur og oft er húð af grænum leirsteindum yst.

96-104 m. Basalt, dökkt, meðalgrófkornótt. Dreif af millilagsmolum finnast með og mjög mikið er um holufyllingar.

104-116 m. Efst er sennilega þunnt millilag. Síðan tekur við fínkornótt til meðalgrófkornótt plagióklasdílótt berg, sem er allummyndað og mest neðst í laginu. Dreif finnast af zeólítum í sprungum og holufyllingum, skólesít og stilbít. Pyrít er algengt.

116-124 m. Efst er þunnt millilag og blöðrótt basalt. Millilagsmolarnir eru rauðir, rauðbrúnir og grænir á lit. Síðan tekur við ummyndað, fínkornótt til meðalgrófkornótt basalt, svipað laginu næst ofan við. Basaltið verður minna ummyndað inn að miðju lagsins. Allmikið er um zeólít í laginu, aðallega skólesít og stilbít.

124-140 m. Basaltlag. Basaltið er blöðrótt og meira ummyndað efst og nokkuð ber á karga. Basaltið er meðalgrófkornótt og allsprungið. Í neðstu 4 m lagsins eykst magn útfellinga og oxun sést í basaltinu.

140-142 m. Millilag, fagurrætt á lit. Allmikið er um oxun basaltkarga og mikið er um zeólít (heulandít m.a.) með seladónít-húð utan á.

142-152 m. Basaltlag. Fínkornótt, meðalgrófkornótt, plagióklasdílótt, blöðrótt basalt, nokkuð sprungið og lítið eitt oxað efst. Dreif er af útfellingum, þá aðallega zeólítum og leirsteindum.

152-166 m. Basaltlag með millilagi og oxuðum karga efstu 6 m. Mikið er um zeólítaútfellingar efst. Basaltið er fínkornótt og gráleitt.

166-174 m. Þunnt (~ 2 m) brúnt, leirkennt setlag efst. Síðan tekur við fínkornótt til meðalgrófkornótt basalt. Efst í laginu er mikið um holufyllingar.

174-178 m. Basaltkargi og fagurræuð millilagsbrotkorn efst og neðar eru brotkorn, blanda af mjög fínkornóttu basalti og oxuðum basaltkarga.

178-194 m. Fínkornótt, dökkgrátt basalt efst. Neðar í laginu verður basaltið þéttara og heldur grófkornóttara.

194-214 m. Basaltlag. Efst er þunnt millilag, fagurrætt efst en verður síðan dökkbrúnt. Basaltkargi finnst einnig í efstu 2-4 m lagsins. Basaltið er fínkornótt til meðalgrófkornótt, grásvart þóleitt.

214-216 m. Rautt millilag.

216-220 m. Grófkornótt, nokkuð ummyndað basalt. Pýrít er áberandi, einnig zeólítar, þar á meðal skólesít, stilbít og heulandít. Grænn leir er í töliverðu magni.

220-224 m. Rautt millilag.

224-226 m. Grátt-grásvart, fínkornótt þóleít, dreif er af zeólítum.

226-232 m. Svart, meðalgróft basalt, líklegast ólivínþóleít, það er mjög sprungið og eru sprungur fylltar af zeólítum. Einng ber nokkuð á pýríti. Ljósrautt, þunnt millilag er í 232 m dýpi.

232-240 m. Grófkornótt basalt. Á efri og neðri lagmótum er bergið mjög ummyndað, það er grófara inn að miðju og einnig minnkar ummyndunin í þá áttina. Við lagmótin er bergið mjög sprungið og mikið um holufyllingar, þ.á.m. skólesít, heulandít, stilbít og analsím.

240-242 m. Rautt millilag.

242-256 m. Mjög grófkristallað berg og líkist frekar dóleríti, en grófkornóttu basalti. Bergið er mjög sprungið og eru sprungurnar fylltar aðallega af zeólítum og ber þar mest á skólesíti og heulandíti. Grænn leir er mjög áberandi og kemur aðallega fyrir sem þunn húð utan á sprungufyllingunum, en í fáeinum sprungum virðist hann vera einráður.

256-260 m. Rautt millilag. Laumontít sést í því.

260-266 m. Grágrænt, ummyndað, meðalgrófkornótt basalt. Efstu 2 m eru nokkuð grófari og fersklegri. Mjög mikið af sprungufyllingum, þ.á.m. eru skólesít og heulandít mjög áberandi.

266 m. Þunnt, rautt millilag.

266-272 m. Grænsvart, meðalgrófkornótt basalt með grárri slikju.

272 m. Rautt millilag.

272-278 m. Fínkornótt, allumyndað basalt, sem verður grófara inn að miðju lagsins. Þetta er allsprungið og minnir oft á sambreiskju. Allmikið er af grænleitum leir.

278-282 m. Þunnt, rauðbrúnt millilag er á 278 m dýpi. Síðan tekur við ívið grænleitt, grófkornótt basalt eða dólerít og er allmikið sprungið. Sprungufyllingar eru zeólítar og grænn leir.

282-296 m. Grásvart ívið grænleitt, grófkornótt basalt en efstu 2 m eru fínkornóttir. Þetta er mjög sprungið og eru zeólítar og leirfyllingar í miklu magni, sem sprungufyllingar.

296-298 m. Rautt millilag.

298-306 m. Grásvart, grófkornótt basalt, samskonar og á 282-296 m dýpi.

306-318 m. Grófkornótt, dökkt basalt eða ólivínþóleít. Efst er það fínkornóttara. Fæinar sprungufyllingar sjást.

318-326 m. Grásvart, fínkornótt-meðalgróft þóleít.

326-328 m. Rauðbrúnt millilag.

328-336 m. Grófkornótt, svart basalt eða dólerít, víða er grænleitur blær. Bergið er sprungið og sprungufyllingar eru zeólítar, einnig sést pyrít.

336-338 m. Rautt millilag og nokkuð er af zeólítum í því.

338-342 m. Meðalgróft, grófkornótt, grásvart ólivínþóleít.

342-346 m. Grábrúnt, allummyndað, fínkornótt þóleít, allsprungið og líklegast er jaspis ásamt leirsteindum í sprungunum.

346-350 m. Fínkornótt-meðalgróft, grásvart ólivínþóleít. Pyrit finnst í berginu.

350-352 m. Rauðbrúnt millilag.

352-358 m. Grábrúnt, ummyndað, fínkornótt þóleít. Basaltið dökkar inn að miðju lagsins.

358-372 m. Fínkornótt, allummyndað, gráleitt þóleít. Á jöðrunum er það grábrúnt. Nokkur dreif er af millilagsmolum, og því ekki ólíklegt að þetta séu fleiri en eitt lag. Bergið er mjög sprungið og zeólítar eru í miklum mæli, sérstaklega neðan til, en svartur og grænn leir ofan til.

372-374 m. Grófkornótt ólivínþóleít eða dólerít. Stórar sprungufyllingar sjást og grænleitir blær er á basaltinu.

374-380 m. Allummyndað, gráleitt-grásvart, fínkornótt, plagióklasdílótt basalt, en á lagmótunum er það brúnleitt. Allmikið er af grænum leir og dreif er af zeólítum.

380-382 m. Rauðbrún og græn millilagskorn sjást í 380 m. Meðalgróft, grófkornótt ólivínþóleít.

382-388 m. Fínkornótt, grásvart þóleít. Það er sprungið og zeólítar í sprungum og grænleit leirhúð er á þeim.

388 m. Rautt millilag.

388-396 m. Meðalgróft þóleít, nánast svart. Bergið er sprungið og fyllt af sprungufyllingum, aðallega zeólítum með grænleitri leirhúð. Pyrit sést.

396-398 m. Rauðbrúnt millilag með zeólítum í, en á þeim er grænleit slikja.

398-400 m. Grágrænt, ummyndað basalt og er mikið um finar sprungur í því fylltar af grænum leir og zeólítum.

400-406 m. Svart, fínkornótt þóleít, það er sprungið og í þeim eru zeólítar og svartur og grænn leir.

406-418 m. Fínkornótt, grábrúnt, ummyndað þóleít, sem fær á sig svartari lit inn að miðju. Zeólítar eru áberandi og er algengt að þeir séu með grænleita leirhúð, einnig ber nokkuð á kvarsí.

418-420 m. Svarf vatnar.

420-422 m. Rauðbrúnt millilag.

422-430 m. Fínkornótt, grágrænt og brúnt ummyndað basalt (þóleít) sem verður aðeins grófara og dekkra um miðju lagsins og niður á botn og gæti því verið um tvö lög að ræða. Svarf vantar á 424-26 m dýpi. Zeólítar og kvars eru í sprungum.

430-440 m. Grábrúnt, nokkuð ummyndað þóleít, fínkornótt-meðalgrófkornótt. Neðar í laginu er það dekkra á lit. Bergið er sprungið og laumontít sést í því ásamt fleiri zeólítum. Einnig er leir í því.

440-444 m. Fínkornótt, grábrúnt, ummyndað þóleít. Bergið er sprungið og eru zeólítar og grænn leir í sprungum.

